

Mál nr. 148/2017

M1
vátryggingafélagið V1 v/ ábyrgðartryggingarliðs fjölskyldutryggingar
og
M2
og
vátryggingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingarliðs fjölskyldutryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu vegna skemmda er tveir ungir drengir ollu.**Gögn.**

Málskot, móttakið 26.4.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, dags. 12.5.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, dags. 10.5.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 18. mars 23017 ollu tveir drengir, A, 10 ára og rúmlega 11 mánaða, og B, 10 ára og rúmlega 9 mánaða, talsverðum skemmdum á tveimur fólksbifreiðum, tveimur vörubifreiðum og einni dráttarvél, en tæki þessi voru öll í eigu fyrirtækisins D. Eftir móður A er haft í lögregluskýrslu að A hafi ekki getað gefið nákvæma skýringu af hverju þeir hafi valdið skemmdunum, en þeir hafi búist við því að enginn myndi vita að þeir hefðu gert þetta. Þeir hafi haldið að þetta væru ruslahaugar en eitthvað áttað sig á að svo hafi ekki verið, þar sem þetta hafi ekki verið innan girðingar, og þá hætt. Eftir móður B er haft í lögregluskýrslunni að B hafi sagt að þeir hefðu haldið að þetta væru ruslahaugar því gámasvæði væri þarna og þeir hefðu bara verið að skemma rusl.

Foreldra drengjanna, M1 og M2, hafa krafist þess að tjón það sem D varð fyrir af völdum drengjanna fái bætt úr ábyrgðartryggingarlið fjölskyldutrygginga sem þeir hafa í gildi annars vegar hjá V1 og hins vegar V2. Er einkum á því byggt að A og B hafi sökum ungs aldurs ekki gert sér grein fyrir því hvað þeir voru að gera og er í því sambandi vísað til 4. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Bæði vátryggingafélögin, V1 og V2, hafa hafnað bótaskyldu.

Álit.

A og B teljast vera vátryggðir samkvæmt þeim fjölskyldutryggingum sem foreldrar þeirra höfðu í gildi hjá V1 og V2.

Ljóst er af gögnum málsins að drengirnir unnu af ásettu ráði spjöll á fyrrgreindum tækjum í eigu D. Samkvæmt 1. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004 ber vátryggingafélag ekki ábyrgð ef vátryggður hefur valdið vátryggingaratburði af ásetningi. Félagið getur þó ekki borið þessa reglu fyrir sig ef vátryggður gat vegna aldurs eða andlegs ástands ekki gert sér grein fyrir afleiðingum háttsemi sinnar. Í athugasemdum við 4. mgr. 27. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 30/2004 kemur fram að umrædd málsgrein feli í sér að vátryggingafélag geti því aðeins borið fyrir sig þær reglur sem mælt er fyrir um í lagagreininni, þ. á m. 1. mgr. sem fyrr getur, að vátryggður hafi vitað að það að vátryggingaratburður yrði væri sennileg afleiðing þeirrar háttsemi sem um ræðir.

Þegar litið er til þess í hverju háttsemi þeirra A og B fólst, svo og aldurs þeirra, áttu þeir að hafa vit og þroska til að gera sér ljósa grein fyrir því tjóni sem fólst í gjörðum þeirra. Að þessu virtu verður að telja að 4. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004 girði ekki fyrir að V1 og V2 geti borið fyrir sig 1. mgr. sömu greinar um að þau beri ekki ábyrgð á tjóninu sökum þess að A og B ollu tjóninu af ásettu ráði. M1 og M2 eiga því ekki rétt á að tjón D verði bætt úr ábyrgðartryggingum þeirra hjá V1 og V2.

Niðurstaða.

M1 og M2 eiga ekki rétt á að tjón sem synir þeirra, A og B, ollu á eigum D verði bætt úr ábyrgðartryggingarlið fjölskylduþrygginga sem þau hafa í gildi hjá V1 og V2.

Reykjavík, 13. júní 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.